



TILLAGA

Viðtakandi: Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Sendandi: Skrifstofa Menningar- og ferðamála

Tillaga um að Tónlistarborgin Reykjavík verði varanlegt verkefni á Menningar- og ferðamálasviði

Í maí 2017 samþykkti borgarráð tillögu borgarstjóra um að Tónlistarborgin Reykjavík yrði þriggja ára tilraunaverkefni hýst á Menningar- og ferðamálasviði. Tillagan var byggð á tillögu starfshóps sem borgarstjóri skipaði í desember 2016 en starfshópurinn skilaði skýrslu um Tónlistarborgina Reykjavík í maí 2017. Um sumarið 2017 var verkefnastjóri ráðinn sem hóf fullt starf um haustið sama ár. Í lok árs 2020 var tilraunatímabili verkefnisins lokið en verkefninu var þó framhaldið árið 2021 og er einnig í fjárhagsramma Menningar- og ferðamálasviðs árið 2022. Verkefnið hefur vaxið og dafnað á tímabilinu og náð að skapa mörg spennandi og mikilvæg verkefni fyrir tónlistarlíf borgarinnar þrátt fyrir að vera smátt í sniðum.

Lögð er fram sú tillaga að Tónlistarborgin Reykjavík verði varanlegt verkefni á Menningar- og ferðamálasviði. Farið verði í stefnumótun fyrir verkefnið á þessu ári með hagaðilum og aðgerðaráætlun mótuð log verður stefna Tónlistarborgarinnar undirstefna nýrrar menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,
Huld Ingimarsdóttir, sviðsstjóri
Menningar- og ferðamálasvið